

Guðrún Theodórsdóttir og Kolbrún Friðriksdóttir. 2013. *Milli mála. Tímarit um erlend tungumál og menningu*. 5. árg. Ritstj. Ásdís R. Magnúsdóttir, Erla Erlendsdóttir, Rebekka Þráinsdóttir. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, Reykjavík.

Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku

1. Inngangur

Tilraunaverkefnið *Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku* miðar að því að gera nemendum í íslensku sem öðru máli kleift að taka þátt í samskiptum á íslensku í daglegu lífi sínu frá upphafi íslenskunámsins. Íslenskuþorpið er svar við tveimur gamalkunnum vandamálum í kennslu og námi íslensku sem annars máls: a) Hefðbundin kennsla hefur ekki tekið mið af því sem nemendur eru að gera í daglegu lífi sínu og ekki nýtt umhverfið utan kennslustofunnar í kennslunni. Með þorpinu er myndað brú milli kennslustofunnar og daglegs lífs utan hennar, þ.e. nemarnir fá tækifæri til að nota íslensku í sérsniðnu æfingaumhverfi í nokkrum fyrirtækjum í samfélaginu. Það skiptir vissulega máli að læra tungumál með kennara í kennslustofu en það er líka mikilvægt að læra málið utan hennar. b) Nemendum reynist erfitt að byrja að tala íslensku dagsdaglega og nýta tækifærin sem bjóðast í samfélaginu. Íslenskuþorpið kemur nemendum yfir þennan þröskuld því þar eru skapaðar aðstæður til að tala íslensku utan kennslustofunnar frá upphafi námsins. Þetta skiptir miklu máli í málanáminu enda er málnotkun forsenda máltileinkunar, eða eins og Firth og Wagner (2007: 806) segja: „(Mál)tileinkun getur ekki orðið og verður ekki án (mál)notkunar.“ Það er því mikilvægt að málmenntarnir byrji sem fyrst að tala íslensku í samfélaginu.

Nýjustu rannsóknir á tileinkun annars máls utan kennslustofunnar sýna að það sem skiptir mestu máli er að tala við einhvern sem kann meira í nýja málinu en nemandinn sjálfur, t.d. íslenskumælandi afgreiðslufólk. Í þessum samskiptum felast einmitt tækifæri til málanáms utan kennslustofunnar. Kennarar í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands heyrar nemendur sína oft kvarta undan því að Íslendingar vilji frekar tala ensku við þá en íslensku og

að iðulega sé þeim svarað á ensku þegar þeir tala íslensku. En hver ber ábyrgð á því að íslenska sé töluð? Málnemarnir eða íslenskir viðmælendur þeirra? Guðrún Theodórsdóttir (2010: 25) hefur sýnt fram á að það eru málnemarnir sjálfir sem bera ábyrgðina. Þeir verða sjálfir að hafa frumkvæðið að því að íslenska sé notuð í samskiptum enda eru íslenskir viðmælendur oft uppteknari af umræðuefninu en því hvaða mál er notað (Guðrún Theodórsdóttir 2011a; Kurhila 2004).

Kjarni Íslenskuþorpsins er sá að þar liggur fyrir svokallaður tungumálasamningur sem þýðir að starfsfólk í þátttökufyrirtækjunum hefur samþykkt að tala eingöngu íslensku við nemana þegar þeir koma til að sinna erindum sínum. Þannig er nemunum í senn tryggð þátttaka í daglegum samskiptum á íslensku og tækifæri til íslenskunáms.

Íslenskuþorpið er samnorraent og þverfaglegt verkefni með þátttöku Háskóla Íslands, Syddansk Universitet í Danmörku, Interactive Institute í Svíþjóð og Listaháskóla Íslands. Þróun þess og útfærsla hvílir annars vegar á rannsóknum Guðrúnar Theodórsdóttur (2010, 2011a, 2011b) á aðferðum Önnu, nema í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands, til að fá að tala íslensku úti í samfélaginu og læra íslensku utan kennslustofunnar og hins vegar á erlendum rannsóknum á máltileinkun utan kennslustofunnar (Wagner 2004, 2010).

Tilraunaverkefnið *Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku* er því gott dæmi um hagnýtingu rannsókna.

Kannanir meðal nemenda á reynslu þeirra af Íslenskuþorpinu leiddu í ljós mikla ánægju með verkefnið. Margir töldu Íslenskuþorpið hafa haft jákvæð áhrif á sjálfstraustið og málkunnáttuna og að þjálfunin í þorpinu skipti máli þegar út í samfélagið var komið.

Greininni er skipt í sex kafla. Í öðrum kafla er fjallað um Íslenskuþorpið, norræna og þverfaglega samstarfið sem útfærsla verkefnisins grundvallast á, önnur tengd tilraunaverkefni og framtíðarsýnina. Í þriðja kafla er greint frá fræðilegum grunni Íslenskuþorpsins og sagt frá nokkrum rannsóknum sem snerta máltileinkun utan kennslustofunnar. Í fjórða kafla er fjallað um útfærslu þorpsins, samstarfsfyrirtæki, útlit og hönnun, kennslufræðilegt ferli, námskeið með hlutdeild þorpsins og öflun rannsóknargagna. Í fimmta kafla er gerð grein fyrir könnun meðal notenda þorpsins og niðurstöðum þeirra og loks eru meginatriði umfjöllunarinnar dregin saman.

2. Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku

Það er ljóst að málnotkun utan kennslustofunnar skiptir máli fyrir tileinkun annars máls, þ.m.t. íslensku. Nemendur í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands fá ekki mörg tækifæri til að nota nýja málið við daglegar aðstæður í samfélaginu. Ástæðurnar eru margvíslegar, t.d. er enskukunnátta almenn meðal Íslendinga og þeir skipta gjarna yfir í ensku þegar íslenskunemarnir reyna að tala íslensku. Annað atriði er að erfitt er að byrja að tala nýja málið við innfædda m.a. vegna þess að Íslendingar eru óvanir því að heyra íslensku talaða með erlendum hreim og skilja því ekki alltaf það sem nemarnir segja. Sú þjálfun sem nemarnir fá í samskiptum á íslensku er því að mestu einskorðuð við kennsluumhverfið. Kennslan í kennslustofunni tekur hins vegar ekki nægilegt mið af því sem þeir eru að reyna að gera utan hennar. Þannig getur verið erfitt fyrir nemendur að brúa bilið milli þess sem þeir læra í kennslustofunni og þess sem þeir gera utan hennar.

2.1 Íslenskuþorpið í hnotskurn

Tilgangur verkefnisins er að skapa aðstæður fyrir málnefna í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands til að nota íslensku við ólíkar aðstæður og gefa þeim kost á að æfa tungumálið utan kennslustofunnar í samskiptum við Íslendinga. Samskiptin fara fram á íslensku og eru millistig milli þess að tala íslensku í kennslustundum og þess að tala hana í daglegu lífi. Í Íslenskuþorpinu fá nemendur þjálfun í að sinna daglegum erindum sínum á íslensku og geta treyst því að viðmælendur munu leggja sig fram um að skilja erindi þeirra og að samskiptin munu eingöngu fara fram á íslensku. Þannig geta nemarnir byrjað fyrr að taka þátt í samskiptum á íslensku en ella. Með Íslenskuþorpinu skapast því nauðsynleg tengsl milli kennslustofunnar og daglegs lífs utan hennar.

Hugmyndavinna við Íslenskuþorpið hófst árið 2010 en í framkvæmd má segja að þróun og útfærsla þess hafi grundvallast í meginatriðum á sex þáttum. Í fyrsta lagi að fá ákveðin fyrirtæki í Reykjavík til þátttöku¹, s.s. kaffihús, bakarí, bókabúð, bókasafn og sundlaug. Þannig var sköpuð smækkuð mynd af „þorpi“ í miðbæ Reykjavíkur og á Háskólasvæðinu: *Íslenskuþorpinu*; í öðru lagi að búa starfsfólk fyrirtækjanna undir samskiptin við málnefna í Íslenskuþorpinu. Starfsfólkið var beðið um að gefa nemunum tíma til að tjá sig og tala eingöngu íslensku við þá; í þriðja lagi að hanna og útfæra umgjörð og útlit þorpsins og efni því tengdu. Íslenskuþorpið hefur ákveðna umgjörð og útlit sem ber skýrt vitni þess

¹ Fyrirtækin voru valin með þrennt í huga, þ.e.: a) að samskipti málnefna og afgreiðslufólks byðu upp á rík tjáskipti (matvöruverslanir urðu t.d. ekki fyrir valinu þar sem einsatkvæðisorð duga oft í samskiptum); b) að fyrirtækin væru í nágrenni Háskóla Íslands þar sem þátttakendur voru við nám; c) að líklegt væri að málnefarnir ættu þangað erindi í daglegu lífi og gætu því nýtt sér reynsluna í Íslenskuþorpinu til framtíðar lítið.

hlutverks sem því er ætlað að sinna og er sniðið að þörfum íslenskunemanna. Í Íslenskuþorpinu eru einnig skilti og merkingar með orðum og frösum sem styðja við íslenskunámið og málnotkunina; í fjórða lagi að þróa kennslufræðilegt ferli að baki Íslenskuþorpinu og útfærslu þess í námsefni þorpsins; í fimmta lagi að móta og útfæra íslenskunámskeið við Háskóla Íslands með tilliti til virkrar þátttöku málnema í Íslenskuþorpinu. Íslenskunemarnir eru undirbúnir í kennslustundum fyrir samskipti sín í Íslenskuþorpinu. Þeir hljóta þjálfun í orðaforða og málnotkun sem við á t.d. á kaffihúsi áður en þeir fara á kaffihúsið í Íslenskuþorpinu; og í sjötta lagi að leggja grunn að hljóðupptökum í samskiptum málnefna við starfsfólkið í Íslenskuþorpinu með söfnun rannsóknargagna í huga.

2.2 Norrænt samstarfsverkefni

Íslenskuþorpið er samnorrænt og þverfaglegt tilraunaverkefni undir stjórn dr. Guðrúnar Theodórsdóttur, lektors í annarsmálsfræðum við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Við þróun og útfærslu Íslenskuþorpsins komu saman fræðimenn á sviði annarsmálsfræða, gagnvirkar hönnunar í tungumálanámi og grafískrar hönnunar auk nema á þessum sviðum. Útfærsla hugmyndarinnar að Íslenskuþorpinu fór fram á þriggja daga vinnufundi vorið 2012.² Þar hittust sérfræðingar frá Syddansk Universitet: dr. Johannes Wagner prófessor, dr. Dennis Day, prófessor og Basar Önal doktorsnemi; dr. Brendon Clark rannsóknarsérfræðingur sem stjórnaði vinnufundinum og Euan Fraser meistaranemi frá Interactive Institute í Svíþjóð; dr. Halldóra Ísleifsdóttir prófessor, Viktoriia Buzukina nemi í grafískri hönnun og Margrét Guðmundsdóttir nemi í grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands, og frá Háskóla Íslands voru, auk Guðrúnar Theodórsdóttur, Kolbrún Friðriksdóttir aðjunkt, Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir, stundakennari og framkvæmdastjóri verkefnisins, og Edvardas Paškevičius íslenskunemi. Aðrir í vinnuteyminu voru Kristján Georg Björnsson, grafískur hönnuður, og Arna María Kristjánsdóttir, nemi í Myndlistaskóla Reykjavíkur.

Fyrirmynd þessa samnorræna, þverfaglega vinnufundar er að finna hjá sænska verkefninu *Språkskap - Swedish as a Social Language* (Clark o.fl. 2011).

2.2.1 Önnur tilraunaverkefni hérlendis og erlendis í kennslu og námi annars máls

² Íslenskuþorpið er með rými í dropbox.com og þar settu þátttakendur ýmsar fræðigreinar og efni sem tengdist verkefninu á meðan á þróun þess stóð. Mánaðarlega voru settar skýrslur um þróunina í Íslenskuþorpinu inn í boxið og þannig gátu allir þátttakendur fylgst með því sem var efst á baugi.

Íslenskuþorpið er hið eina sinnar tegundar eftir því sem best er vitað. Tvö skyld tilraunaverkefni hafa verið sett á fót þar sem hugmyndin var að nýta í málanáminu þann veruleika sem nemendur búa í. Annars vegar er það sænska verkefnið *Språkskap - Swedish as a Social Language* og hins vegar íslenska *Grandaverkefnið*.

Í sænska verkefninu *Språkskap - Swedish as a Social Language* var gerð tilaun til að tengja nemendur í sænsku sem öðru máli í kennslustofu við sænskumælandi íbúa úti í samfélaginu. Í stuttu máli má segja að tilraunin hafi einkum falið í sér þrennt: a) Sænskunemar höfðu aðgang að kaffihúsi nálægt skólanum sínum þar sem sænskumælandi afgreiðslumaður átti samskipti við þá á sænsku. b) „Twitter“-dagur var haldinn þar sem nemarnir gátu tjáð sig og átt samskipti á netinu á sænsku um hvað sem þá lysti. c) Málnemi gerði sér ferð í húsgagnaverslun og átti þar samskipti við afgreiðslufólk eftir ákveðinni forskrift og með stuðningi Svía. Með þessu móti voru hversdagsleg samskipti sænskumælandi fólks og sænskunema nýtt til að skapa aðstæður til máltileinkunar (Clark o.fl. 2011).

HB Grandaverkefnið var vinnustaðatengt málanám (Birna Arnbjörnsdóttir 2006) þar sem erlendum starfsmönnum í fiskverkunarátöðvum HB Granda var boðið upp á íslenskunám í vinnunni. Námskeiðin voru sniðin að þörfum nemenda og tengdist námsefnið starfi þeirra. Auk þess var öllum starfsmönnum boðið upp á fræðslu í fjölmenningu.

2.3 Framtíðarsýn

Íslenskuþorpið hefur verið sett upp sem tilraunaverkefni á nokkrum stöðum í miðbæ Reykjavíkur og á Háskólasvæðinu. Með tilraunaverkefninu er markað upphaf að frekari útfærslu og þróun hugmyndarinnar. Hin endanlega afurð verður fjórþætt:

- a) Íslenskuþorpið verður hluti af bæjarlífinu í Reykjavík og á Háskólasvæðinu til framtíðar. Leitað verður eftir því að fleiri fyrirtæki á sama sviði taki þátt í verkefninu, t.d. bankar, kaffihús o.s.frv., og sjái sér hag í því að verða hluti af Íslenskuþorpinu og þjónusta þá sem tala íslensku sem annað mál, bæði nemendur við Háskóla Íslands og aðra sem eru að læra íslensku. Þannig gætu fyrirtæki Íslenskuþorpsins stækkað viðskiptahóp sinn og styrkt ímynd sína. Í hópi viðskiptavina gætu jafnframt verið ferðamenn sem dvelja hér tímabundið og hafa hug á að æfa sig í Íslenskuþorpinu.
- b) Útbúin verður verkfærakista eða handbók um hvernig tungumálaþorp eru sett á fót með hliðsjón af þeirri aðferðafræði sem liggur til grundvallar Íslenskuþorpinu. Hugmyndina mætti

útfæra á þéttbýlissvæðum utan Reykjavíkur og einnig annars staðar á Norðurlöndum þar sem svipuð þörf er fyrir hendi.

c) Myndaður verður gagnagrunnur til rannsókna. Samskiptin í Íslenskuþorpinu hafa verið tekin upp (hljóð og mynd) og þannig orðið til mikilvæg gögn til rannsókna á tileinkun íslensku sem annars máls og til endurbóta á Íslenskuþorpinu. Upptökur af samskiptunum verða afritaðar eftir aðferðum samtalsgreiningar og gerðar aðgengilegar fyrir fræðimenn á sviði annarsmálsfræða.

d) Íslenskuþorpshugmyndin verður útfærð í aðra átt sem býður upp á tveggja manna tal íslenskunema og Íslendinga, t.d. um einkahagi eða áhugamál. Vísir er kominn að þessu verkefni en gerð hefur verið tilraun á Háskólatorgi undir heitinu „Viltu tala íslensku við mig?“ með góðum árangri. Þar var annars vegar stefnt saman nemum á fyrstu stigum íslenskunáms og hins vegar Íslendingum og lengra komnum íslenskunemum til að spjalla um daginn og veginn á íslensku.

3. Fræðilegur grunnur Íslenskuþorpsins

Hugmyndin að Íslenskuþorpinu á rætur að rekja til doktorsverkefnis Guðrúnar Theodórsdóttur: *Conversations in Second Language Icelandic: Language Learning in Real-Life Environments*. Verkefnið byggir á hugmyndum Wagners (2004, 2010) um máltileinkun utan kennslustofunnar og Sprákskap-verkefninu sem áður var minnst á.

3.1 Rannsóknir á máltileinkun utan kennslustofunnar

Guðrún Theodórsdóttir (2010, 2011a, 2011b) hefur í rannsóknum sínum fjallað um máltileinkun í samskiptum utan kennslustofunnar. Fylgst var með íslenskunemanum Önnu á þriggja ára tímabili. Hún tók upp á band dagleg samskipti sín við Íslendinga, bæði einkasamtöl og þjónustusamtöl. Niðurstöður Guðrúnar sýna að í samskiptum á íslensku bregður Anna sér oft í hlutverk málnema og einbeittir sér að atriðum sem snerta tungumálið í samvinnu við viðmælandann sem kemur þá oft fram sem sérfræðingur í nýja málinu. Þannig býr Anna sér til aðstæður til þess að læra íslensku utan kennslustofunnar (e. *Language Learning Activities*). Það er nemandinn (Anna) sem stjórnar og fær upplýsingar um tungumálið frá innfæddum viðmælanda og beitir til þess markvissum aðferðum. Þessar upplýsingar snerta umræðuefnið hverju sinni. Sem dæmi má nefna að þegar nemandann

vantar orð til að koma því til skila sem hann ætlar að segja lætur hann viðmælandann vita a) með beinum hætti (e. *explicit word search*), með því að spyrja t.d. *hvernig segir maður X?* eða b) með óbeinum hætti (e. *implicit word search*), þ.e. með hiki (*uh*) eða þögnum þar sem orðið ætti að koma eða með því að lengja hljóð í orðinu á undan eða með því sem kallast á ensku „try-marking“ sem er með rísandi tóni og þögn á eftir. Í síðarnefnda tilvikinu nefnir málneminn orð, sem hann telur að geti gengið, með rísandi tóni sem er merki til viðmælandans um að segja til um hvort orðið sé rétt eða ekki (sjá nánar Brouwer 2003; Schegloff 1979).

Guðrún (2011a) segir frá því í rannsókn sinni hvernig Anna berst fyrir því að fá að ljúka máli sínu (e. *insisting on TCU completion*). Hún beitir þar aðferð sem felst í því að standa á rétti sínum til að ljúka einni lotueiningu (e. *TCU: turn construction unit*) þó ljóst sé að viðmælandinn hafi skilið hvert hún er að fara (e. *recognition point*) (Jefferson 1984) og grípur inn í til að hraða samskiptunum. Anna hækkar þá stundum röddina til að ljúka máli sínu. Þannig er áhersla hennar meiri á tungumálið en efnisleg samskipti. Athyglisvert er að í sumum tilvikum eru samskiptin um mikilvæg málefni sem skipta Önnu máli, t.d. um framfærslufé. Þetta er öfugt við þá sem eiga samskipti á móðurmáli sínu en þar skiptir máli að efnislegum samskiptunum vindi fram og þá skiptir ekki höfuðmáli með hvaða hætti (Stivers og Robinson 2006). Rannsóknin sýnir tvöfalt eðli annars máls þar sem áhersla er bæði á tungumálið og efni samskiptanna. Aðferðin við rannsóknirnar er CA-SLA þar sem aðferðir samtalsgreiningar eru notaðar við rannsóknir á máltileinkun annars máls (Sacks o.fl. 1974; Sidnell 2010; Firth og Wagner 1997; Pekarek-Deohler 2010; Kasper og Wagner 2011).

Wagner (2004) kallar eftir rannsóknum á tileinkun annars máls og þátttöku nemenda í samskiptum utan kennslustofunnar þar sem þær muni hafa mikil áhrif á tungumálakennslu. Hann er þá ekki að leggja til að nemendur séu sendir út á götu til að læra tungumálið enda sé ljóst á rannsóknum á innflytjendatungumálum að slíkt sé ekki góð leið til að læra tungumál. Hann kallar eftir samþættingu, þ.e. að kennslan taki mið af þeim veruleika sem nemendur búa í. Wagner (2004: 615) bendir á tvær leiðir til að opna kennslustofuna: 1. Verkefnaamiðuð kennsla (e. *task-based*) þar sem nemendur leysa ákveðin verkefni utan kennslustofunnar sem svo verða rædd í kennslustofunni. 2. Að senda nemendur út í samfélagið og biðja þá að taka upp þau samskipti sem þeir eiga á markmálinu. Kennarinn hlustar á upptökuna og leiðbeinir nemendum áður en þeir fara aftur út. Í Íslenskuþorpínu er notuð svipuð aðferð og lýst er hér að ofan undir lið 2 þar sem nemendur taka upp samskiptin í þorpínu og upptökurnar eru notaðar í kennslustofunni þar sem nemendur hlusta með kennaranum.

Wagner (2010: 57) bendir á að nokkrar rannsóknir sl. áratug á annarsmálssamskiptum

utan kennslustofunnar hafi leitt í ljós að tungumálanám:

- a. taki tíma
- b. sé nátengt félagslegum tengslum og
- c. eigi sér stað í daglegum samskiptum.

Þannig hvetur hann til þess að annarsmálsnemar noti tækifærið og eigi frumkvæði að því að beina athyglinni að tungumálinu í daglegum samskiptum. Hann segir ennfremur að innfæddir eigi sjaldan frumkvæði að því að taka sér stöðu sem „tungumálakennarar“ í venjulegum samskiptum. Ýmislegt af því sem hér kemur fram skiptir máli þegar horft er til Íslenskuþorpisins, t.d. það að innfæddir bjóða sig sjaldan fram til að kenna málið og að um það þarf að semja í samskiptum málnemans og heimamanna.

Í grein sinni „Second Language Interaction for Business and Learning“ lýsir Guðrún (2011b) því hvernig Anna fléttar saman dagleg erindi sín og íslenskunám, þ.e. notar tækifærin sem gáfust til að sinna daglegum erindum sínum á íslensku og læra tungumálið í leiðinni. Aðferðir hennar gætu gagnast öðrum nemendum. Í grein Guðrúnar segir frá heimsókn Önnu í bakarí. Hún semur við afgreiðslustúlkuna um að tala íslensku, gerir við hana tungumálasamning (Guðrún Theodórsdóttir og Kolbrún Friðriksdóttir 2013; Guðlaug S. Brynjólfsdóttir 2011). Það kom í ljós í þessari rannsókn að með því að samþykkja að tala íslensku við Önnu þá verður afgreiðslustúlkan nánast sjálfkrafa eins konar íslenskukennari. Þannig bera þær sameiginlega ábyrgð á því að íslenska sé samskiptamálið. Anna notar þetta tækifæri vel og einbeitir sér að orðaforða, framburði o.s.frv. um leið og hún kaupir inn. Þannig verður til dýrmætt tækifæri fyrir hana til að læra íslensku. Þessi rannsókn skipti miklu máli við þróun Íslenskuþorpisins enda sýnir hún að máltileinkun verður í samskiptum málnema og afgreiðslukonu. Þess er vænst að aðrir nemar geti notfært sér aðferðir Önnu og lært íslensku utan kennslustofunnar.

Anna er þrautseig í íslenskunáminu en ekki eru allir nemendur sem hafa þann styrk og ákveðni sem hún hefur í tilraunum sínum til að nota málið utan kennslustofunnar. Íslenskuþorpið byggist að miklu leyti á aðferðum Önnu og markmiðið er að skapa aðstæður, svipaðar þeim sem Anna bjó sér til, fyrir aðra málnema þannig að þeir geti með mun minni fyrirhöfn en Anna átt samskipti á íslensku utan kennslustofunnar.

4. Útfærsla Íslenskuþorpisins

Eftir tveggja ára undirbúningsvinnu hófst tilraunakennsla með hlutdeild Íslenskuþorpsins sumarið 2012 og stóð yfir til vors 2013. Við lok tilraunatímabilsins hefur samstarfsteymið, hérlandis og erlendis, í höndum mikilvægan gagnagrunn og reynslu til áframhaldandi þróunar verkefnisins, kennsluefnis þess og kennsluhátta, auk rannsókna á máltileinkun.

4.1 Fyrirtæki í Íslenskuþorpinu og tungumálasamningurinn

Íslenskuþorpinu er ætlað að tryggja námsumhverfi fyrir málnefna innan fyrirtækja úti í samfélaginu. Þannig var gert samkomulag við tiltekin fyrirtæki í Reykjavík, þ.e. bakarí, kaffihús, sundlaug, bókasafn, bókabúð og veitingastað, um að vera þátttakendur í Íslenskuþorpinu en þau voru valin með áhuga og þarfir málnefna í huga. Eitt lykilatriðanna í samkomulaginu er það að starfsmenn í viðkomandi fyrirtækjum þorpsins skuldbinda sig til að tala eingöngu íslensku við málnefna þegar þeir sinna þar erindum sínum. Þannig má segja að gerður hafi verið formlegur tungumálasamningur fyrir fram milli starfsfólks í fyrirtækjum Íslenskuþorpsins og málnefna sem þangað leita. Starfsfólkið er að auki meðvitað um málnotkun nemanda á fyrstu stigum íslenskunáms og tekur velviljað á móti þeim, tilbúið til að gefa þann tíma sem þarf til samskiptanna. Með útfærslu Íslenskuþorpsins verður tungumálasamningurinn þungamiðjan og með honum tryggður sá megintilgangur þorpsins að veita málnefnum tækifæri til að eiga samskipti á íslensku við Íslendinga og styðja þannig við tileinkunarferlið.

4.2 Umgjörð og útlit Íslenskuþorpsins

Eins og áður kom fram hönnuðu Listaháskóli Íslands og Interactive Institute í Svíþjóð auðkennandi útlit, einkennismerki og námsumgjörð Íslenskuþorpsins. Umgjörðin er sett upp innan þáttökufyrirtækja þorpsins og verður þannig hluti af venjulegu viðskiptaumhverfi hvers fyrirtækis. Umgjörðin setur skýran ramma utan um námsumhverfi Íslenskuþorpsins og samskipti starfsfólks og málnefna innan þess. Allt kynningarefni þorpsins og námsefni hefur jafnframt verið hannað í þessu sama útliti. Á mynd 1 má sjá einkennismerki Íslenskuþorpsins en það gefur innsýn í útlit náms- og kynningarefnis þorpsins og heildarumgjörðina. Í merkinu er fólgin hugmynd að heiminum og hann birtur sem púsl í púsluspil tungumálanna. Litirnir í einkennismerkinu, blár, hvítur og rauður, gegna líka ákveðnu hlutverki sem íslensku fánalitirnir en merkið var hannað með það í huga að það yrði


auðvelt að laga það að öðrum þjóðum ef sambærileg þorp verða sett upp annars staðar á Norðurlöndum.



4.3 Kennslufræðilegt ferli og námsefni Íslenskuþorpsins

Mikilvægur liður í útfærslu Íslenskuþorpsins var að þróa það kennslufræðilega ferli sem hugmyndin hvílir á og móta jafnframt námsefni. Óhætt er að segja að þar sé beitt nýjum aðferðum í kennslu og boðið upp á nýjar leiðir við tileinkun íslensku sem annars máls.

Á mynd 2 má sjá kennslufræðilegt ferli Íslenskuþorpsins. Þannig er vinna í kennslustofu, samskipti í fyrirtækjum Íslenskuþorpsins og heimavinna allt hluti af þeirri þjálfun sem nemendur fá undir hatti Íslenskuþorpsins með það að markmiði að búa þá undir þátttöku í raunveruleikanum.



Lýsa má kennslufræðilegu ferli þorpsins nánar í sex skrefum. Farið er í gegnum öll skrefin fyrir hvert og eitt fyrirtæki Íslenskuþorpsins:

1. skref – kennslustofa: Kennari vinnur með nemendahópnum að því að undirbúa heimsókn í hvert fyrirtæki Íslenskuþorpsins. Unnið er með orðaforða sem er notaður t.d. í bakaríi ef heimsókn þangað er framundan og helstu samskiptafrasa sem eiga við í viðskiptunum. Á þessu undirbúningsstigi í kennslustofunni er jafnframt farið í nauðsynleg málfræðiatríði og framburðarreglur. Námsefni Íslenskuþorpsins er skipt niður með tilliti til mismunandi fyrirtækja Íslenskuþorpsins og nemendur skrá þar margvíslegar upplýsingar sem tengjast málnotkun á þessu fyrsta stigi.

2. skref – Íslenskuþorpið: Næst halda nemendur í undirbúnings- og könnunarleiðangur í Íslenskuþorpið þar sem þeir búa sig undir samskipti við starfsfólkið í Íslenskuþorpinu síðar (á stigi 4). Hér er málmennum ætlað að hafa augu og eyru opin, þeir kynna sér staðinn, fylgjast með öðrum viðskiptavinum og samskiptum þeirra við starfsfólkið, sækja sér orðaforða m.a. með því að skoða vörur sem eru í boði og merkingar í umhverfinu. Þeir skrá í námsbókina margvíslegar upplýsingar sem aflað er á þessu stigi.

3. skref – kennslustofa: Hér nýta nemendur undirbúninginn í skrefunum tveimur á undan til að fylla út svokallað vinnuspjald sem er hluti af námsefninu. Vinnuspjaldinu er ætlað að styðja við málnotkun nemans í samskiptunum við afgreiðslufólkið þegar á hólminn

er komið í Íslenskuþorpinu (á stigi 4). Á spjaldið hefur verið skráður mikilvægur orðaforði og samskiptafrasar og fyrirmynd gerð að samtali í viðeigandi fyrirtæki.

4. skref – Íslenskuþorpið: Nemendur halda nú aftur í Íslenskuþorpið og eiga að þessu sinni samskipti á íslensku við starfsfólkið; þeir kaupa t.d. brauð í bakaríinu, panta sér kaffi eða köku á kaffihúsinu eða fá lánaðar bækur á bókasafninu. Á sumum námskeiðanna var gert samkomulag við nemendur og starfsfólk um hljóðupptökur á staðnum og í þeim tilvikum fóru þær fram á þessu stigi.

5. skref – heimavinna: Eftir heimsóknina í Íslenskuþorpið vinna nemarnir úr reynslu sinni og skrá í námsbókina lýsingu á samskiptunum, hvaða frasar voru notaðir, hvað þeir fengu lánað, hvað þeir keyptu og hvað það kostaði, hvaða ný orð eða frasa þeir lærðu o.s.frv. Nemarnir nýta sér jafnframt margvíslega hjálparmiðla og orðabækur í þessari vinnu. Í þeim tilvikum sem samtal var tekið upp eiga þeir að hlusta á upptökuna og skrá samtalið niður. Tvennt má nefna hér sem er einnig hluti af þeirri heimavinnu sem tengist Íslenskuþorpinu og námsefni þess. Annars vegar er það „dagbók“ en nemarnir skrifa reglulega í hana og tjá sig þannig um það sem á daga þeirra drífur í þorpinu eða á námskeiðinu. Hins vegar er í námsefninu sjálfsmatsþáttur sem kallast „Íslenskan mín“ en þar er gert ráð fyrir því að málmenarnir íhugi og verði meðvitaðir um málkunnáttu sína og þróun hennar. Verkefni nemenda er þá að velta fyrir sér hvað þeir hafa lært nú þegar og lýsa því með eigin orðum. Auk þess setja þeir sér sífellt ný markmið um næstu skref og þarfir á ýmsum sviðum málnotkunarinnar.

6. skref – kennslustofa: Í þessu síðasta skrefi kemur hópurinn saman til að vinna úr reynslu sinni í Íslenskuþorpinu og deila með öðrum. Þannig verður til mikilvægur grunnur af nýjum orðaforða og samskiptafrösum, rætt er um jákvæða og neikvæða reynslu og greitt er úr vafaatriðum og spurningum sem hafa vaknað í Íslenskuþorpinu. Í þeim tilvikum sem samtölin voru tekin upp í þorpinu skapast tækifæri til að hlusta á upptökurnar og vinna nánar með samskiptin þar. Nemendur æfa hér samtölin úr Íslenskuþorpinu aftur í hópum, glöggva sig betur á framburðaratriðum o.fl.

Við gerð námsefnis Íslenskuþorpsins voru farnar ótroðnar slóðir en eins og sjá má var meginhugmyndin sú að nemendur sköpuðu námsefnið sjálfir með eigin vinnu, fyrir og eftir heimsóknirnar í Íslenskuþorpið. Nemarnir áttu þannig að hafa frjálsar hendur og móta það að hluta eftir eigin áhugasviði og reynslu af samskiptum í þorpinu.

Í allri umfjöllun hér um hlutdeild Íslenskuþorpsins í málanáminu er þar með vísað til heildarnámsumhverfisins og þeirrar forþjálfunar og úrvinnslu sem íslenskunemarnir inna af

hendi. Kennslufræðilegt ferli að baki Íslenskuþorpínu er þannig órjúfanlegur hluti af heildarhugmyndinni.

4.4 Námskeið með hlutdeild Íslenskuþorpsins

Á tilraunatímabilinu hefur Íslenskuþorpið verið kjarni mismunandi námskeiða fyrir nema á fyrstu stigum íslenskunáms við Háskóla Íslands. Þannig var einn liður í útfærslu verkefnisins að móta og útfæra íslenskunámskeið fyrir mismunandi hópa þar sem Íslenskuþorpið er meginhluti námsumhverfisins.

(1) Íslenskuþorpið hefur nú verið nýtt á eftirfarandi fimm íslenskunámskeiðum við háskólann:

- a. Nordkurs-námskeiði³ 1 fyrir skandinavíska nema á fjögurra vikna byrjendanámskeiði sumarið 2012
- b. Nordkurs-námskeiði 2 fyrir skandinavíska nema á fjögurra vikna námskeiði sumarið 2012, en þeir höfðu einhverja forþekkingu í íslensku
- c. Minneapolis-námskeiði⁴ fyrir bandaríska nema á sex vikna byrjendanámskeiði sumarið 2012; þrjár vikur í Minneapolis og þrjár vikur á Íslandi
- d. Alþjóðlegu íslenskunámskeiði⁵ fyrir nemendur af ýmsum þjóðernum, fjögurra vikna byrjendanámskeiði sumarið 2012
- e. Námskeiði í Hagnýtri íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands: Framburði og tali 1, 12 vikna byrjendanámskeið haustið 2012 og aftur vorið 2013. Hluti nemenda var erlendir skiptinemar, aðrir búsettir hér til lengri eða skemmri tíma.

Öll námskeiðin sem nefnd eru í (1) hér að ofan eru metin til 10 eininga og var þátttaka í Íslenskuþorpínu stór hluti af námsmati. Heildarfjöldi á námskeiðum Íslenskuþorpsins á tilraunatímabilinu var 192 nemendur.

Í lok námskeiðanna voru lagðar fyrir kannanir til að leita eftir viðhorfi málmennta til Íslenskuþorpsins. Fjallað verður um niðurstöðurnar í 5. kafla.

4.5 Öflun rannsóknargagna í Íslenskuþorpínu

³ Nordkurs-námskeiðin eru sumarnámskeið á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ætluð háskólanemum í norrænum fræðum sem stunda nám á Norðurlöndum.

⁴ Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Háskólinn í Minnesota standa fyrir sumarnámskeiðum í íslensku nútímamáli fyrir nemendur í Norður-Ameríku.

⁵ Alþjóðlegu sumarnámskeiðin við Háskóla Íslands eru á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Á tilraunatímabili Íslenskuþorpsins hefur söfnun rannsóknargagna verið hluti af útfærslu hugmyndarinnar og hafa hljóðupptökur því verið mikilvægur liður á þessu stigi. Tilgangurinn með hljóðupptökum er tvíþættur: annars vegar að safna samtölum málnemanna og starfsfólks í gagnabanka⁶ til rannsókna á máltileinkun í daglegu lífi og hins vegar hafa hljóðupptökurnar kennslufræðilegt gildi á þann hátt að málnemarnir nýta þær til að hlusta á samskiptin í Íslenskuþorpinu þegar heim er komið, skrá niður samtölin og nýjan orðaforða, huga að framburði og fleira sem styrkir þá í tileinkunarferlinu. Hljóðupptökurnar gagnast ekki síður vel í kennslustundum með kennara þegar vafaatriði eða óvissa í samskiptunum hefur komið upp og nemendur deila jafnframt upptökum sínum hver með öðrum. Dýrmætum rannsóknargögnum hefur á þennan hátt verið safnað á tilraunatímabili Íslenskuþorpsins um samskiptin í þorpinu sem munu nýtast til frekari þróunar á þorpinu og til rannsókna á tileinkunarferli íslensku sem annars máls og annarra mála.

5. Hvað finnst notendum Íslenskuþorpsins?

Í lok námskeiðanna sem rætt var um í (1) voru lagðar fyrir kannanir til að leita eftir viðhorfi málnemanna til Íslenskuþorpsins og gildis þess við máltileinkunina. Einnig var kallað var eftir sjónarmiðum þeirra sem nýst gætu við frekari þróun Íslenskuþorpsins, kennsluhátta og kennsluefnis.

5.1 Hvað var kannað?

Viðhorfskannanirnar voru mjög ítarlegar og tóku til fjölmargra þátta sem tengjast Íslenskuþorpinu, eins og sýnt er í (2) hér á eftir. Kannanirnar hafa mikið gildi fyrir frekari þróun og útfærslu verkefnisins. Ekki er síður mikilvægt að fá upplýsingar frá málnemunum um það hvort Íslenskuþorpið skili ætluðu hlutverki sínu að veita íslenskunemum tækifæri til að þjálfa málnotkun, auka skilning á töluðu máli og tryggja þeim aðstæður til að nota íslensku í samskiptum daglegs lífs. Hluti spurninganna í könnununum gaf kost á ákveðnum

⁶ Gagnabankinn heitir Talkbank.org.

svarmöguleikum⁷ en í öðrum tilvikum voru málnemarnir hvattir til að lýsa í lengra máli álitinu á tilteknum þáttum Íslenskuþorpsins.⁸

(2) Leitað var eftir álitum málnemanna á eftirfarandi þáttum⁹:

- a. Fyrirtækin og samskipti þar: Höfðu málnemarnir jákvæða eða neikvæða reynslu af samskiptum sínum í þeim fyrirtækjum sem voru hluti af Íslenskuþorpinu?¹⁰
- b. Námsefnið: Spurt var um álit nemenda á mismunandi þáttum námsfnis Íslenskuþorpsins, uppbyggingu þess og framsetningu efnisins.
- c. Kennslufræðileg uppbygging: Kallað var eftir skoðunum málnemanna á kennslufræðilegri uppbyggingu að baki Íslenskuþorpinu og kennsluháttum í námskeiðunum.
- d. Uppbygging færniþátta: Nemarnir voru beðnir um að lýsa gildi Íslenskuþorpsins við að byggja upp og þjálf tiltekna færniþætti í íslensku.
- e. Helstu kostir: Óskað var eftir mati málnemanna á því sem þau teldu helstu kosti Íslenskuþorpsins við máltileikunina.

Mikill meirihluti nemanna í námskeiðum Íslenskuþorpsins á tilraunatímabilinu tók þátt í könnunum sem er mikilvægt með endurbætur og frekari þróun verkefnisins í huga.

Umfjöllunin í þessari grein beinist einkum að gildi Íslenskuþorpsins í tileinkunarferli íslensku og verður umræðan hér um viðhorfskannanirnar því afmörkuð við niðurstöður sem snúa að uppbyggingu færniþátta og helstu kostum Íslenskuþorpsins, (2) d-e hér á undan. Hvað atriðin í (2) a-c varðar má segja í stuttu máli að yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda hafði jákvæða reynslu af samskiptunum í fyrirtækjum og stofnunum Íslenskuþorpsins og það sama má segja um kennslufræðilega uppbyggingu að baki Íslenskuþorpinu og kennsluhætti í námskeiðunum. Á hinn bóginn var viðhorf nemanna til námsfnis og námsefnisgerðar Íslenskuþorpsins ekki jafnjákvætt. Hluti nemenda virtist ekki sjá kosti þess að hafa sjálfir jafnmótandi áhrif á námsefnið og lagt var upp með (sbr. umræða í kafla 4.3), hluti þeirra saknaði meira ílags í námsefninu, taldi það of dýrt miðað við innihald og fannst skipulagi námsþátta ábótavant. Því verður að segjast að námsefnishluti Íslenskuþorpsins hefur tekist síst í heildarþróun verkefnisins og krefst nánari þróunarvinnu. Þegar farið var af stað í útfærslu

⁷ Nefna má sem dæmi: *Var reynsla þín af samskiptum í Íslenskuþorpinu: a) jákvæð, b) neikvæð?*

⁸ Nefna má sem dæmi: *Vinsamlegast skráðu hugmyndir eða tillögur að því hvernig mætti bæta Íslenskuþorpið.*

⁹ Sjá nánar sýnishorn spurninga í könnunum hjá Edvardasi Paškevičius (2013).

¹⁰ Einnig var spurt um reynslu þátttakenda í fyrirtæki að eigin vali utan Íslenskuþorpsins, sjá kafla 5.4 og 5.4.1.

Íslenskuþorpsins reyndist námsefnið einmitt hvað torveldast í teymisvinnunni. Mæta þurfti ólíkum þörfum nemendahópanna á mislöngum námskeiðum, einn hópurinn hafði einhverja forkunnáttu í íslensku en hinir ekki, nokkuð breytilegt var hvaða fyrirtæki tilheyrðu Íslenskuþorpinu á hverjum tíma auk fleiri þátta. Námsefni Íslenskuþorpsins var hins vegar í stöðugri þróun eftir reynslu hvers námskeiðs og er þeirri þróunarvinnu hvergi nærri lokið.

En þá er komið að því að skoða mat nemenda á því hvort Íslenskuþorpið sé gagnlegt við að byggja upp mikilvæga færniþætti í íslensku.

5.2 Íslenskuþorpið og uppbygging færniþátta

Þjálfun og notkun íslensku sem annars máls í samskiptum er aðalatriðið í Íslenskuþorpinu. Málnemarnir hljóta margvíslegan hagnýtan undirbúning í kennslustofu þar sem samskipti eru æfð og færniþættir málsins¹¹ eru byggðir upp. Ein af spurningunum sem lagðar voru fyrir í viðhorfskönnununum á tilraunatímabilinu var:

(3) Er Íslenskuþorpið gagnlegt við að byggja upp færni í íslensku í eftirfarandi þáttum:

- a. orðaforða
- b. hlustunarskilning
- c. framburð
- d. skilning almennt
- e. tal
- f. sjálfsöryggi?

Í þessum hluta könnunarinnar voru ákveðnir svarmöguleikar gefnir fyrir fram þar sem kallað var eftir því hvort nemarnir teldu Íslenskuþorpið annars vegar *mjög* eða *frekar gagnlegt* til að byggja upp nefnda færniþætti í íslensku og hins vegar hvort þeir teldu það *ekki* eða *alls ekki gagnlegt*. Í töflu 1 má sjá niðurstöður úr ofangreindum hluta kannananna, annars vegar er sýnt hlutfall þeirra sem álitu Íslenskuþorpið gagnlegt við tileinkunarferlið og hins vegar þeirra sem töldu svo ekki vera. Í töflunni er birt meðaltal úr niðurstöðum kannana meðal allra námskeiðshópanna m.t.t. mismunandi færniþátta, svarhlutfall var 87,5%.

¹¹ Í umræðu hér um færniþætti tungumáls er vikið frá þrengri hugtakanotkun um ritun, lestur, hlustun og tal. Gengið er út frá því hér að uppbygging færniþátta og kennsla þeirra taki til fleiri þátta og að t.d. sjálfstraust til að nota markmálið sé eitt af því sem samþætting í málanámi og -kennslu eigi að grundvallast á (Hedge 2000).

Tafla 1. Meðaltal úr niðurstöðum kannana meðal allra námskeiðshópanna þegar spurt var hvort málnemarnir teldu Íslenskuþorpið gagnlegt til að byggja upp ákveðna færniþætti í íslensku.

Tafla 1

Mjög/frekar gagnlegt	Frekar lítið/ekki gagnlegt
87,50%	12,50%
84,70%	15,30%
84,40%	15,60%
83,00%	17,00%
80,10%	19,90%
76,60%	23,40%

Eins og sjá má af töflunni í heild sinni telur mikill meirihluti málnemanna Íslenskuþorpið hafa verið mjög eða frekar gagnlegt við að byggja upp mikilvæga færniþætti málsins. Tæp 88% þátttakenda að meðaltali telja að Íslenskuþorpið hafi verið gagnlegt við að byggja upp *talfærni* og tæplega 85% að jafnaði töldu þjálfunina í Íslenskuþorpinu og samskiptin þar jafnframt vel til þess fallin að auka *sjálfstraust* við að nota málið. Svipaða sögu má segja um afstöðu málnemanna hvað varðar uppbyggingu *orðaforða* og þjálfun *hlustunarskilnings*, rúmlega 84% annars vegar og 83% hins vegar álitu Íslenskuþorpið koma að gagni við að byggja upp þessa þætti. Rúm 80% þátttakenda að jafnaði töldu Íslenskuþorpið hafa jákvætt gildi við að byggja upp *skilning* almennt í málinu og notkun þess í samskiptum. Loks töldu tæplega 77% að meðaltali þorpið gagnlegt til að þjálfra *framburð* málsins. Niðurstöðurnar sem hér hafa komið fram verða að teljast mjög jákvæður vitnisburður um gildi Íslenskuþorpsins við tileinkun málsins.

Næst verður lítið á niðurstöður kannananna með tilliti til þess hvort þjálfunin í Íslenskuþorpinu hafi nýst öllum hópum jafnvel. Eins og áður var nefnt voru sumir nemanna byrjendur í íslensku en aðrir höfðu grunnkunnáttu í málinu þegar haldið var í Íslenskuþorpið. Í töflu 2 eru sýndar niðurstöður úr könnunum allra námskeiðshópanna á tilraunátímabili Íslenskuþorpsins og þá m.t.t. þeirra sem höfðu jákvæða afstöðu til þorpsins, þ.e. töldu það mjög eða frekar gagnlegt við að byggja upp nefnda færniþætti í íslensku:

Tafla 2. Hlutfall þeirra sem telja Íslenskuþorpið mjög eða frekar gagnlegt til að byggja upp ákveðna færniþætti í íslensku m.t.t. til allra námskeiðshópa á tilraunatímabili Íslenskuþorpsins.

Tafla 2

	Nordkurs 1	Nordkurs 2	Minneapolis	Alþjóðlegt	Hagnýt '12	Hagnýt '13
Tal	94,70%	69,20%	100,00%	100,00%	85,00%	76,50%
Sjálfsöryg	94,70%	61,50%	100,00%	87,50%	85,00%	79,40%
Orðaforði	89,50%	61,50%	92,80%	93,80%	92,50%	76,50%
Hlustun	89,50%	69,20%	92,80%	87,50%	82,50%	76,50%
Skilningu	84,20%	53,80%	100,00%	81,30%	87,50%	73,50%
Framburð	84,20%	38,40%	100,00%	87,50%	70,00%	79,40%

Ef litið er á niðurstöður kannananna úr námskeiðunum sex þar sem stuðst var við Íslenskuþorpið á tilraunatímabilinu má sjá í töflunni að einn hópurinn sker sig nokkuð úr þegar á heildina er litið, þ.e. nemarnir í Nordkurs-námskeiði 2. Hlutfall þeirra sem telja Íslenskuþorpið hafa verið mjög eða frekar gagnlegt við máltileinkunina er nokkuð lægra hvað alla færniþættina varðar en kemur fram hjá hinum námskeiðshópunum. Þessi niðurstaða gefur tilefni til vangaveltna um það hvort Íslenskuþorpið gagnist betur ákveðnum nemendahópum umfram aðra en eins og áður hefur komið fram höfðu nemarnir á Nordkurs-námskeiði 2 einhverja forþekkingu í íslensku áður en þeir komu á námskeiðið og teljast því ekki algerir byrjendur í íslensku. Niðurstöður sem þessar eru gagnlegar með frekari þróun Íslenskuþorpsins og kennsluefnis þess í huga en ekkert er því til fyrirstöðu að laga verkefnið í heild sinni að mismunandi getustigi, þörfum og áhugasviðum málnefna í íslensku sem öðru máli.

5.3 Helstu kostir Íslenskuþorpsins

Málnemarnir voru beðnir að lýsa helstu kostum Íslenskuþorpsins með sínum eigin orðum. Hér verða dregin saman helstu atriði sem nemarnir í öllum námskeiðunum nefndu og tilgreind verða nokkur ummæli sem fram komu til að varpa skýrara ljósi á viðhorf þeirra. Í (4) a-f hafa verið dregnir saman veigumestu þættirnir sem birtust í svörum þeirra:

(4) Hverjir eru helstu kostir Íslenskuþorpsins við tileinkun íslensku?

a. Tækifæri og hvatning til að tala íslensku

Málmennirnir telja Íslenskuþorpið veita ómetanlegt tækifæri til að tala íslensku og fela í sér hvata og hvatningu til að nota nýja málið. Þeir séu beinlínis krafðir um þátttöku og að tala íslensku í samskiptum við Íslendinga. Hér má sjá dæmi um ummæli nemanna (þýdd á íslensku) í könnuninum varðandi þennan þátt:

- *Íslenskuþorpið veitir tækifæri til að tala við (þolinmóða) Íslendinga á íslensku.*
- *Maður þarf að stökkva út úr kennslustofunni og **tala**, láta bara vaða!*
- *Okkur var ýtt út í að tala íslensku – áður en við vissum að við gætum það!*
- *Ég á að **tala íslensku** allan tímann, það er engin undankomuleið.*
- *Ég þurfti að taka skrefið og lærði mikið af því.*

b. Tryggir notkun íslensku

Samningur við fyrirtæki Íslenskuþorpsins felur í sér að starfsfólkið talar eingöngu íslensku við málmennana sem koma í þorpið og það er meðvitað um að þessir viðskiptavinir gætu þurft lengri tíma en aðrir. Málmennirnir þurfa því ekki að berjast fyrir því að fá að tala íslensku eða bera ábyrgð á því að íslenska sé töluð. Þeir nefndu þennan kost Íslenskuþorpsins gjarnan í könnuninum:

- *Þú þarft ekki að berjast fyrir því að tala íslensku – það er sameiginleg ákvörðun í þorpinu.*
- *Ég var búinn að reyna að tala íslensku í heila viku í búðum áður en ég fór í Íslenskuþorpið, það gekk ekki vel því allir svöruðu mér á ensku.*
- *Sú staðreynd að afgreiðslufólk í Íslenskuþorpinu skipti ekki yfir í ensku í samskiptum okkar var stærsti kosturinn við þorpið.*
- *Skilningsríkt starfsfólk veit að ég er að læra íslensku og gefur mér því tíma.*

c. Byggir upp sjálfstraust

Íslenskuþorpið leiðir til þess að málmennirnir ná að byggja upp sjálfstraust til að tjá sig og nota málið í samskiptum. Í ummælum mikils meirihluta þátttakenda í könnuninum kom þessi mikilvægi kostur skýrt fram:

- *Samskiptin í Íslenskuþorpinu efla sjálfstraustið verulega.*
- *Þorpið minnkar ótta við að tala íslensku.*
- *Íslenskuþorpið gaf mér aukið sjálfstraust til að nota íslensku annars staðar.*
- *Við byrjum klárlega fyrr að tala íslensku.*

d. Staðfesting á íslenskukunnáttunni

Eitt af því sem margir málnemanna nefndu í könnununum var að samskiptin í Íslenskuþorpinu hefðu sýnt þeim fram á að þeir kynnu og skildu meira en þeir hefðu gert sér grein fyrir. Hér má sjá nokkur dæmi um ummæli þeirra:

- *Ég sé að ég skil aðra og aðrir skilja mig – það var góð uppgötvun!*
- *Ég áttaði mig á því að ég hafði lært alla helstu samskiptafrasana til að nota í viðskiptunum í Íslenskuþorpinu.*
- *Það kom mér á óvart hvað ég gat í raun talað og skilið mikið í þorpinu.*

e. Hagnýtur orðaforði og málnotkunarfrasar

Fram kom hjá mörgum nemanna að með Íslenskuþorpinu, undirbúningi heima og í kennslustofu og samskiptum þar tileinkuðu þeir sér hagnýtan orðaforða sem gagnaðist þeim í margvíslegu samhengi. Einn tilgangurinn með Íslenskuþorpinu er einmitt sá að málnemarnir þjálfu daglegt mál og geti beitt því við raunverulegar aðstæður úti í samfélaginu. Hér má sjá nokkur dæmi um lýsingar nemanna í könnununum:

- *Við lærum hagnýtan orðaforða daglegs lífs og mikilvægan tjáningarmáta.*
- *Í Íslenskuþorpinu lærði ég fljótt að bjarga mér á íslensku. Þar fékk ég mjög hagnýta æfingu sem hjálpaði mér við að byrja að tala svona snemma í ferlinu.*
- *Ég var búinn að læra samskiptafrasana og vissi fyrir fram hvaða svörum ég átti von á í Íslenskuþorpinu.*

f. Aðgangur að íslensku samfélagi

Fjöldi málnema nefndi einn þátt til viðbótar í könnununum sem segja má að sé e.k. viðbótarkostur Íslenskuþorpsins. Þannig kom fram í máli þeirra að með hlutdeild Íslenskuþorpsins hafi þeir fengið aðgang að íslensku samfélagi sem þeir hefðu annars farið á mis við. Ummæli nemenda skýra nánar hvað hér er átt við:

- *Maður er sendur út til að tala við Íslendinga; frábært tækifæri til að nálgast þá.*
- *Við fáum reynslu sem nýtist úti í samfélaginu.*
- *Þorpið veitir tækifæri til að kynnast íslenskri menningu. Maður er „rekinn“ á bókasafnið, á kaffihús, í sund – þetta hefði ég aldrei gert án Íslenskuþorpsins.*
- *Ég er skiptinemi og umgengst því bara aðra útlendinga. Ef ég hefði ekki haft Íslenskuþorpið hefði ég ekki talað við heimamenn eða kynnst menningunni á sama hátt.*

Ljóst er af þeim ummælum nemenda sem rædd hafa verið í þessum kafla að tækifærin sem hafa verið sköpuð með Íslenskuþorpinu eru margháttuð og gildi þess ótvírætt fyrir mál nema í íslensku.

5.4 Gagnast þjálfunin í Íslenskuþorpinu í samfélaginu?

Íslenskuþorpinu má lýsa sem stuðningsvænu æfingaumhverfi fyrir mál nema í íslensku þar sem aðstæður og starfsfólk veita mikilvæga umgjörð og aðstoð við máltileinkunina. Endanlegt takmark með þjálfun nemanna er að gera þá færa um samskipti á íslensku og þátttöku í samfélaginu þar sem reynir á málkunnáttu og sjálfstraust nemans.

Gerð var tilraun í tveimur 12 vikna námskeiðum (nefndir hópur 1 og 2 í töflu 3) sem kalla má prófstein á raunfærni í nýja málinu. Tilraunin fólst í því að láta mál nemana fara einu skrefi lengra en gert hafði verið í hinum námskeiðunum og spreyta sig í samfélaginu utan Íslenskuþorpsins (sjá mynd 2). Eftir þjálfun í kennslustofu og heimsóknir í mismunandi fyrirtæki innan Íslenskuþorpsins í fimm vikur voru þeir látnir velja sér „mitt fyrirtæki“ utan Íslenskuþorpsins til að fara og sinna þar erindum sínum á íslensku – og nýta sér þannig æfinguna í Íslenskuþorpinu úti í samfélaginu. Val þeirra á „mínu fyrirtæki“ var fjölbreytilegt, flestir völdu fyrirtæki eða stofnun í nærumhverfi sínu þar sem þeim fannst mikilvægt að geta tjáð sig á íslensku. Sumir kusu að fara í matvörubúð, aðrir völdu leikskóla barna sinna, enn aðrir bensínstöð, bar, skyndibitastað eða íþróttafélag til að láta reyna á íslenskukunnáttu sína og þess voru jafnvel dæmi að nemendur veldu banka sem sitt fyrirtæki til að kynna sér sparnaðar- og ávöxtunarleiðir og nýta um leið málkunnáttuna. Val nemanna á fyrirtækjum utan Íslenskuþorpsins bar í raun vott um óbilandi sjálfstraust þeirra til að nota nýja málið í samskiptum við Íslendinga. Öll samskipti í „mínu fyrirtæki“ lutu sömu kennslufræðilegu lögmálunum og í fyrirtækjum innan Íslenskuþorpsins þar sem undirbúningur fór fram í kennslustofu með hjálp kennara og nemendur fóru í tvígang á vettvang þar sem þeir fylgdu sömu sex skrefunum og rædd voru í kafla 4.3.

Í viðhorfskönnunum í lok námskeiðanna var spurt sérstaklega um heimsóknir þátttakenda í „mitt fyrirtæki“. Annars vegar var leitað eftir því hvort reynsla þeirra í fyrirtæki að eigin vali utan þorpsins hafi verið jákvæð eða neikvæð og hins vegar var spurt um það að hvaða leyti þjálfun í Íslenskuþorpinu hafi búið þá undir aðstæður daglegs lífs utan þorpsins. Í töflu 3 að neðan má sjá niðurstöður viðhorfskannananna þegar spurt var um reynslu þeirra í fyrirtækjum innan Íslenskuþorpsins (kaffihús, bakarí, bókabúð, bókasafn, sundlaug) og til samanburðar mat þeirra á reynslunni í fyrirtæki utan þorpsins („mitt fyrirtæki“). Eins og fram

kemur í töflunni fór annar hópurinn í fjögur fyrirtæki innan Íslenskuþorpsins en hinn í þrjú áður en þeir fóru í fyrirtæki að eigin vali (eyður í töflu þýða að viðkomandi námskeiðshópur fór ekki í nefnt fyrirtæki Íslenskuþorpsins). Spurningin í könnuninni var þá þessi:

(5) Var reynsla þín af samskiptum í þessum fyrirtækjum jákvæð eða neikvæð?

Tafla 3: Hlutfall þeirra sem höfðu mjög eða frekar jákvæða reynsla í fyrirtækjum Íslenskuþorpsins og til samanburðar hlutfall þeirra sem höfðu mjög eða frekar jákvæða reynslu í fyrirtæki að eigin vali utan Íslenskuþorpsins („mitt fyrirtæki“).

	Hópur 1. Jákvæð reynsla	Hópur 2. Jákvæð reynsla
Vettvangsheimsóknir		
Íslenskuþorpið: Kaffihús	100,00%	94,10%
Íslenskuþorpið: Bakarí	87,50%	
Íslenskuþorpið: Bókabúð		91,20%
Íslenskuþorpið: Bókasafn	87,50%	76,47%
Íslenskuþorpið: Sundlaug	72,50%	
Raunveruleikinn: „Mitt fyrirtæki“	95,00%	91,20%

Þegar taflan er skoðuð má sjá að málnemarnir stóðust „raunveruleikaprófið“ með prýði, en yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda hafði jákvæða reynslu af heimsókninni í „mitt fyrirtæki“ eins og má sjá í neðstu línu töflunnar. Þegar mat þeirra á reynslu af heimsóknum í fyrirtæki innan Íslenskuþorpsins er skoðað til samanburðar er ljóst að reynsla þeirra af samskiptum í fyrirtækjum utan þorpsins er afar góð og síst verri en í fyrirtækjum innan Íslenskuþorpsins. Af þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að undirbúningur og þjálfun í Íslenskuþorpinu hafi styrkt nemana í tileinkunarferlinu og gert þá færa um að beita málinu við nýjar aðstæður daglegs lífs úti í samfélaginu.

5.4.1 Hvernig nýttist undirbúningur í Íslenskuþorpinu í raunveruleikanum?

Til að grafast nánar fyrir um það hvernig undirbúningur í Íslenskuþorpinu nýttist málnemunum í fyrirtækjum og stofnunum utan þorpsins voru þeir beðnir um að meta þennan þátt í viðhorfskönnuninum. Í (6) a-c hafa verið dregnir saman helstu þættirnir sem birtust í svörum þeirra við spurningunni:

(6) Hvernig nýttist þjálfunin í Íslenskuþorpinu þér í samskiptum í „þínu fyrirtæki“?

a. Sjálfstraustið var komið

Málnemarnir leggja mikla áherslu á það að þjálfunin í Íslenskuþorpinu hafi veitt þeim nauðsynlegt sjálfstraust til að nota málið úti í samfélaginu. Þannig hefur þjálfunin og reynslan í Íslenskuþorpinu styrkt þá í trúnni á eigin getu til að eiga samskipti við Íslendinga á íslensku í aðstæðum daglegs lífs utan þorpsins. Hér má sjá nokkur dæmi um ummæli þeirra:

- *Þjálfunin í Íslenskuþorpinu gaf mér hiklaust aukið sjálfstraust til að nota íslensku í „mínu fyrirtæki“.*
- *Ég var ekki lengur hræddur við að tala við Íslendinga annars staðar.*
- *Ég hefði aldrei þorað að fara út í bæ og tala íslensku ef ekki hefði verið fyrir Íslenskuþorpið.*
- *Þægindahringur minn stækkaði í Íslenskuþorpinu og sjálfstraustið nýttist mér utan þorpsins.*
- *Ég fékk sjálfstraust til að fara á nýja staði og tala íslensku.*

b. Kunnátta sem nýttist úti í samfélaginu

Af ummælum nemanna má ráða að þjálfunin í Íslenskuþorpinu hafi verið hagnýt og reynst þeim notadrjúg í daglegu lífi utan þess. Mörgum kom jafnframt á óvart hvað þeir höfðu í raun lært mikla íslensku í þorpinu á skömmum tíma.

- *Það kom mér mjög á óvart hvað ég kunnir í raun mikla íslensku, hvað ég skildi mikið þegar ég talaði við starfsfólkið í „mínu fyrirtæki“ og hvað ég skildist vel.*
- *Ég sá í „mínu fyrirtæki“ að ég kunnir meiri íslensku en ég átti von á.*
- *Í Íslenskuþorpinu fékk ég mjög góða upphitun til að fara út í samfélagið og tjá mig á íslensku.*

c. Nauðsynlegur orðaforði og samskiptafrasar

Þegar út í raunveruleikann er komið finnst málnemunum þeir hafa lært nauðsynlegan grunnorðaforða og samskiptafrasa til að nota í samskiptum við Íslendinga utan þorpsins.

- *Ég byggði upp orðaforða í Íslenskuþorpinu og lærði tjáningarmátann til að nota í raunveruleikanum.*
- *Ég lærði helstu samskiptafrasana í þorpinu sem nýttust mér annars staðar.*
- *Ég lærði hvernig maður á kurteisleg samskipti og hvaða frasa á að nota.*

Af því sem nú hefur komið fram í kafla 5.4 má sjá að nemarnir finna til öryggis við notkun nýja málsins og virðast færir í flestan sjó við alls konar aðstæður í málsamfélaginu. Það er því ljóst að Íslenskuþorpið veitir íslenskunemum mikilvæga þjálfun sem gagnast þeim í samskiptum við Íslendinga úti í samfélaginu og styður við máltileinkunina.

6. Umræða og lokaorð

Hér hefur verið rætt um tilraunatímabil Íslenskuþorpsins, fræðilegar forsendur þess og hvernig það hefur reynst nemum með íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands. Fjallað hefur verið um mikilvægi þess að málneymar byrji sem fyrst að nota markmálið utan kennslustofunnar en vitað er að málnotkun er forsenda máltileinkunar. Hlutverk Íslenskuþorpsins er einmitt það að tryggja íslenskunemum aðstæður til að taka þátt í samskiptum á íslensku utan kennslustofunnar í upphafi íslenskunámsins.

Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku er nýstárlegt tilraunaverkefni þar sem nemendum í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands er boðið upp á námsumhverfi sem tengir nám í kennslustofunni við lífið utan hennar. Nemendur byrja fyrir að tala íslensku utan kennslustofunnar en áður var sem hjálpar þeim í íslenskunáminu. Þetta hefur margvísleg jákvæð áhrif á nemana sem eflast við að geta frá byrjun íslenskunámsins sinnt daglegum erindum sínum á íslensku, t.d. eykst sjálfstraustið og nemarnir reyna að tala íslensku víðar en í þorpinu.

Þjálfun með hlutdeild Íslenskuþorpsins miðar að því að málneymar tileinki sér íslensku, noti hana í samskiptum og öðlist færni til þátttöku á íslensku í íslensku samfélagi. Viðhorfskannanir sem voru lagðar fyrir nemendahópa tilraunatímabilsins þar sem Íslenskuþorpið myndaði kjarna námskeiðanna sýna ótvírætt að Íslenskuþorpið hefur sannað gildi sitt og veitt málnemunum mikilvægt tækifæri í máltileinkunarferlinu. Eitt af því sem kom fram í niðurstöðum kannananna var það að þorpið væri gagnlegt til að byggja upp og þjálf mikilvæga færniþætti málsins og að með því fengju málneymar tækifæri og hvata til að nota markmálið meðal heimamanna þar sem notkun íslensku er tryggð. Jafnframt töldu nemarnir Íslenskuþorpið hafa mikið gildi við að byggja upp sjálfstraust þeirra til að nota málið og að þorpið opnaði þeim greiða leið að menningu samfélagsins.

Reynslan sem nú er fengin sýnir skýrt að með Íslenskuþorpinu skapaðist mikilvægur kjarni og einbeitt sýn í námi og kennslu íslensku sem annars máls. Allir sem tóku þátt í verkefninu: nemendur, kennarar, starfsfólk í fyrirtækjum Íslenskuþorpsins, hönnuðir og

rannsakendur í verkefninu sameinuðust um að takmarkinu að auka færni málnemanna í samskiptum á íslensku yrði náð. Íslenskuþorpið markar því tvímælalaust tímamót í rannsóknum, kennslu og tileinkun íslensku sem annars máls og annarra tungumála.

Heimildaskrá

- Birna Arnbjörnsdóttir. 2006. „The HB Grandi Experiment: A Workplace Language Program.“ *Second Languages at Work* (bls. 37–65). Ritstj. Karen-Margrete Frederiksen, Karen Sonne Jakobsen, Michael Svendsen Pedersen og Karen Risager. IRIS Publications 1. Roskilde University.
- Brouwer, C. 2003. „Word searches in NNS-NS interaction: Opportunities for Language Learning?“ *Modern Language Journal* 87, bls. 534–545.
- Clark, B., og Lindemalm, K. (ritstj.). 2011. *Språkskap - Swedish as a Social Language. Ergonomidesign*. [Án útgáfustaðar], Folkeuniversitetet og Interactive Institute.
- Firth, A., og Wagner, J. 1997. „On discourse, communication and (some) fundamental concepts in SLA research.“ *Modern Language Journal* 81(3), bls. 285–300.
- Firth, A., og Wagner, J. 2007. „Second/Foreign Language Learning as Social Accomplishment: Elaborations on a reconceptualized SLA.“ *Modern Language Journal* 91 (a focus issue), bls. 800–819.
- Guðlaug S. Brynjólfsdóttir. 2011. *Íslenskuþorpið*. Óprentuð M. Paed. ritgerð. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Guðrún Theodórsdóttir. 2010. *Conversations in Second Language Icelandic: Language Learning in Real-Life Environments*. Óprentuð Ph.D. ritgerð. Syddansk Universitet, Odense, Danmark.
- Guðrún Theodórsdóttir. 2011a. „Language Learning Activities in Everyday Situations: Insisting on TCU Completion in Second language Talk.“ *L2 learning as a social practice: Conversation-analytic perspectives* (bls. 185–208). Ritstj. G. Palotti og J. Wagner. Honolulu: National Foreign Language Resource Center.
- Guðrún Theodórsdóttir. 2011b. „Second Language Interaction for Business and Learning.“ *L2 Interactional Competence and Development* (bls. 93–116). Ritstj. J. K. Hall, J. Hellermann og S. Pekarek Doehler. Bristol, UK.: Multilingual Matters.
- Hedge, T. 2000. *Teaching and Learning in the Language Classroom*. Oxford: Oxford

- University Press.
- Jefferson, G. 1984. „Notes on some Orderlinesses of Overlap onset.“ *Tilburg Papers in Language and Literature* 28, bls. 1–28.
- Kasper, G., og Wagner, J. 2011. „Conversation-analytic Approach to Second Language Acquisition.“ *Alternative Approaches to Second Language Acquisition* (bls. 117–142). Ritstj. D. Atkinson. London: Routledge.
- Kurhila, S. 2004. „Clients or Language Learners-Being a Second Language Speaker in Institutional Interaction.“ *Second Language Conversation* (bls. 58–74). Ritstj. R. Gardner og J. Wagner. London: Continuum.
- Paškevičius, E. 2013. *Íslenskuþorpið og tileinkun íslensku sem annars máls*. Óprentuð BA-ritgerð. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Pekarek-Doehler, S. 2010. „Conceptual changes and methodological challenges: on language and learning from a conversation analytic perspective on SLA.“ *Conceptualising Learning in Applied Linguistics* (bls. 105–127). Ritstj. P. Seedhouse, S. Walsh og C. Jenks. Basingstoke, UK: Palgrave Macmillan.
- Sacks, H., Schegloff, E., og Jefferson, G. 1974. „A simplest systematics for the organization of turn-taking for conversation.“ *Language* 50(4), bls. 696–735.
- Schegloff, E. 1979. „The relevance of repair to syntax-for-conversation.“ *Syntax and Semantics: Discourse and Syntax* (Vol. 12) (bls. 261–286). Ritstj. T. Givón. New York: Academic Press.
- Sidnell, J. 2010. *Conversation Analysis. An Introduction*. Oxford: Wiley-Blackwell.
- Stivers, T., og Robinson, J. D. 2006. „A preference for progressivity in interaction.“ *Language in Society* 35, bls. 367–392.
- Wagner, J. 2004. „The Classroom and Beyond.“ *The Modern Language Journal* 88(4), bls. 612–616.
- Wagner, J. 2010. „Learning and doing learning in interaction: What do Participants do in Everyday out-of-school Second Language Talk?“ *Language Learning and Socialization through Conversations* (bls. 51–59). Ritstj. Y. Kyte og K. Ikeda. Osaka: Center for Human Activity Theory, Kansai University.

Útdráttur

Miklu máli skiptir fyrir þá sem eru að læra annað mál að taka þátt í raunverulegum samskiptum utan kennslustofunnar. Nýjustu rannsóknir sýna að þar felist miklir möguleikar á máltileinkun og kallað hefur verið eftir því að vinna í kennslustofu taki í ríkari mæli mið af þeim daglega veruleika sem málnemar lifa og hrærast í.

Þeir sem læra íslensku sem annað mál við Háskóla Íslands hafa rekið sig á það að erfitt reynist að fá að tala íslensku við Íslendinga í daglegu lífi, það er þá á ábyrgð málnemanna að markmálið sé notað í daglegum samskiptum. Tilraunaverkefnið Íslenskuþorpið tekur á þessu vandamáli en með því eru skapaðar aðstæður fyrir nema í íslensku sem öðru máli til að tala við Íslendinga á íslensku um leið og þeir sinna hversdagslegum erindum sínum.

Íslenskuþorpinu eru tiltekin fyrirtæki eða stofnanir, s.s. bakarí, kaffihús og bókasafn, og þangað fara málnemarnir úr kennslustofunni til að þjálfa málnotkun og eiga samskipti á íslensku. Starfsfólkið í fyrirtækjum þorpsins hefur skuldbundið sig til að tala eingöngu íslensku við málnemana. Reynsla er nú komin á þátttöku íslenskunema í Íslenskuþorpinu en boðið hefur verið upp á ýmis námskeið við Háskóla Íslands með hlutdeild þorpsins. Niðurstöður viðhorfskannana meðal málnemanna leiða í ljós að Íslenskuþorpið hefur mikið gildi fyrir þá í tileinkunarferlinu.

Lykilorð: Íslenska sem annað mál, annarsmálsfræði, samtalsgreining, Íslenskuþorpið, CA-SLA

Abstract

Participation in second language interaction outside the classroom is important in learning a Second Language. Latest research shows that language learning takes place in second language interaction. Classroom teaching needs to take into account the reality the students live in outside the classroom.

The Second Language Society has many opportunities for L2 interaction. Our students at the University have had trouble in taking advantage of these opportunities and they have found out that in some cases Icelanders are reluctant to participate in interaction with beginners in Icelandic in mundane interaction; they are often responded to in English when they attempt to speak Icelandic. The L2 speaker is thus responsible for the interaction being in his target language and may need special methods to get the cooperation of the Icelanders. The Pilot project The Icelandic Village deals with these issues as it provides a specially

designed environment for the L2 learners to use and practice Icelandic at the same time they do their daily live business from the beginning stages. The Icelandic Village has real businesses e.g. a bakery, a café and a library. The staff in these businesses have agreed to speak only Icelandic to the L2 learners. The classroom teaching is based on the students' interaction in the Village.

At several moments in the Pilot project L2 learners have participated in surveys on their experience in learning a new language this way. These surveys show that the learners are very positive towards the Icelandic Village.

Keywords: L2 Icelandic, Second Language Acquisition, Conversation Analysis, The Icelandic Village, CA-SLA.